

Frímex 1982 tókst mjög vel

Frímerki

Jón Aðalsteinn Jónsson

Því miður hefur dregið úr hömlu að greina hér í þættinum nokkuð frá efni því, sem sjá mátti á afmælingu Félags frímerkjasafnara, FRÍMEX 1982, á Kjarvalsstöðum dagana 19.—23. ágúst sl. Vissulega hafa margir lesenda þáttarins séð sýninguna með eigin augum, en engu að síður er sjálfsgætt — og ekki sízt vegna utanbæjarmanna — að fara nokkrum orðum um hana og sýningarefnið, eins og það kom mér fyrir sjónir. Þó verður aðeins hægt að stikla hér á helstu atriðum, en ég mun birta aðra umsógn og nokkru fyllri í tímariti L.I.F., Grúskinu.

Óhætt er að fullyrða, að FRÍMEX 1982 tókst mjög vel, enda sýningarefnið margbreytilegt, svo sem áður hefur komið fram í þáttum þessum. Sýningunni var skipt í þrjár deildir: heiðursdeild, samkeppnisdeild og kynningardeild. Í heiðursdeild voru 48 ramar, og þar bar að vonum mest á skilninga- og aurabréfum þeim úr Þjóðskjalasafni, sem hafa verið að koma í leitirnar á undanförunum árum. Eg hef áður vikið að þessum merkilegu bréfum eða umslögum, svo að óþarft er að endurtaka það, en þau eru ómetanleg heimild fyrir íslensku frímerkjasögu. Þá voru í þessari deild mörg og falleg umslög úr eigu Þjóðminjasafns, en þau hafa áður verið á sýningum, svo að þau vöktu eðlilega ekki eins mikla athygli og þau úr Þjóðskjalasafni þrátt fyrir ágæti sitt.

Þá var í heiðursdeild hluti af stórmerku íslensku safni, sem brezkur frímerkjakaupmaður, C. Angus Parker, hefur komið saman. Voru rammarnir tíu, en kunnugir hafa sagt mér, að hann gæti sýnt okkur miklu meira efni, enda mun hann eiga eitt bezta safn af svokölluðum skipspósti, sem til er. Er það bréf og umslög með erlendum stimplum. Í úrvali því úr safni Parkers, sem við sáum, mátti líta marga girnilega hluti og fágæta. Satt bezt að segja varð ég hissa á öllum þeim bréfafjöldi frá því fyrir og um aldamót, sem er í safni Parkers. Er þessi bréf ekki sízt merkileg fyrir þá sök, að þau virðast langflest vera venjuleg

notkunarbréf með réttu burðargjaldi á hverjum tíma.

Enda þótt mörg umslög hafi farið í glatkistuna á fyrri tíð, virðist samt vera ótrúlega mikið til af heilum umslögum með frímerkjum á og þau fleiri en margur hefur haldið. Hitt er svo annað mál, að mikið af þessu efni hefur verið selt úr landi og hafnað í erlendum söfnum.

Ekki skrifaði ég hjá mér lýsingu á safni Parkers, en gaf mér sæmlegan tíma til að skoða það. Væri það vissulega verðugt verkefni fyrir frímerkjasamtök hér heima að fá ljósrit eða ljósmyndir af þeim erlendu söfnum, sem hingað koma, því að við gætum svo síðar virt þau fyrir okkur á fundum og rabbað um þau. Eitt umslag vakti sérstaka athygli mína, og það var með 4 aura frímerki og stimplað á útgáfudegi þess 6. janúar 1900. Var þetta innanbæjarburðargjald, sem hafði verið tekið upp árið áður. Hér er þess vegna um stimplun á útgáfudegi að ræða, og Parker hefur veitt því athygli. En hefur

auglýsti oft eftir íslenskum frímerkjum fyrir og um síðustu aldamót og hafði jafnvel gaman af að stríða keppinautum sínum, svo sem sjá má á mynd þeirri, sem ég læt fljóta með þessum línunum. Þegar þetta er haft í huga, er engan veginn óhugsandi, að téður Jónas hafi talið það einhvers virði að eiga 4 aura frímerki á bréfi, stimpluðu þann dag, sem það var sett í umferð. Hver svo sem skýringin er, er hér um eitt elzta fyrstadagsumslag að ræða hér á landi og langt á undan sínum tíma. Þetta umslag í safni Parkers er þess vegna hið skemmtilegasta.

Enda þótt ástæða væri til að nefna fleiri söfn í heiðursdeild, leyfir rýmið það ekki á þessum stað. Er þá komið að samkeppnisdeild, en þar voru 93 ramar. Af þeim komu 79 til umsagnar dómnefndar, því að söfn þriggja dómenda voru flutt í kynningardeild. Ekki mun ég greina nákvæmlega frá söfnum í þessari deild, en þar mátti sjá margt áhugavert. Hæstu verðlaun, gyllt silfur, hlaut safn




Haralds Ágústssonar, sem hann sýndi á vegg. Sennilega gerast slík söfn ekki mörg betri en safn hans, enda hefur Haraldur lagt mikla alúð við söfnun sína og leitað fanga um víða veröld. Þá var það og skemmtilegt og stórfróðlegt, að hann var alla daga við safn sitt og útskýrði það fyrir gestum. Mætti svo sannarlega hugsa sér að taka þá aðferð upp við frímerkjasöfn, enda örugglega vel þegið af mörgum. Þannig yrði allt meira lifandi fyrir sýningargestum og gæti um leið vakið upp áhuga hjá þeim að fara að sinna þessu tímstundagarni.

Póstmannafélagið var þarna með sýningarefni, enda var einn dagur sýningarinnar helgaður póstinum. Mér fannst þetta efni nú fremur fábrotið, en smekklega var það sett upp.

Ný frímerki 7. október

Póst- og símamálastofnunin hefur nú tilkynnt, að smáörk sú, sem ég hef áður minnt á og birt mynd af hér í þættinum, verði gefin út 7. október nk. Er hún að verðgildi 12 krónur, en söluverðið er 18 krónur. Rennur mismunurinn til að styrkja samnorrænu frímerkjasýninguna, NORDIA 84, sem haldin verður í Laugardalshöllinni í júlí 1984. Að þessu sinni verður notaður sérstimpill við fyrstadagsstimplun, og fer vel á því.

Eitt hefur fallið niður í tilkynningu póststjórnarinnar, sem ég tel sjálfsgætt að taka hér fram, því að það skiptir safnara ekki svo lítt. Þessi smáörk verður til sölu til marzloka næstkomandi, en það, sem þá kann að verða eftir óselt, verður eyðilagt. Er hér fylgt sömu venju og tíðkæzt hefur erlendis í sambandi við sýningarblokkir.



þetta gerzt af hendingu eða ásettu ráði? Eg er þeirrar skoðunar, að hið síðara eigi hér við og um sé að ræða fyrstadagsstimplun, eins og við erum að bauka við nú á dögum. Er þá langlíklegast, að sendandinn hafi sjálfur stilað bréfið til sín. Þetta ræð ég af nafni viðtakanda, sem var Jónas Jónsson, Laugavegi 8, Reykjavík. Var hann kunnur borgari á sinni tíð ef ég fer ekki villur vegar. Þessi maður

Thorolfs Björklunds í Færeyjum af frímerkjum frá stórhertogadæmi Finnlands. Þetta er frábært safn, bæði að gæðum og frágangi, og þó var það vist ekki nema helmingur þess, sem Thorolf sýndi í Finnlandi fyrir rúmu ári, eða fjórir ramar. Næst kom svo safn Svíans Ingvars Andersson af íslenskum upprunastimplum á bréfum, snyfsum og svo lausum merkjum. Hefur Ingvar verið ötull við að ná

saman þessu stimplaefni á síðustu árum og hlaut hér fyrir það silfurverðlaun.

Bandaríkjamaður, George W. Sickels, sýndi umslög frá tíma bandaríska herliðsins á Íslandi í síðari heimsstyrjöld. Er hér um að ræða stimpla úr herpóststöðvum, og munu sumir þeirra mjög torgætir. Hefur Sickels náð saman mjög góðu safni, enda fékk hann silfur fyrir.

Mörg söfn í þessari deild báru glögg vitni um það, hvernig safna má frímerkjum og þá ekki sízt íslenskum frímerkjum, og ekki þarf það allt að kosta stórfé. Hér mátti sjá skemmtilegt safn af Geysismerkjum 1938—47, tölustimpla-safn og eins safn Jóns Halldórssonar af 20 aura Safnahúsi. Hefur hann stórbætt safnið á síðustu árum bæði að eintökum og uppsetningu.

Í kynningardeild var einnig margt skemmtilegt, en það vill því miður oft hverfa í skuggann fyrir öðru og fyrirferðarmeira efni.

Ólafur Jónsson sýndi einkennis- og barmmerki, svo sem oft áður, og vekur safn hans alltaf verðskuldaða athygli.

Ein nýjung var á FRÍMEX 1982, en það var hluti úr trjáviðarsafni

BÖRNIN LÆRA AÐ DANSA

Það er hverju barni hollt að læra að dansa.

Það eykur sjálfs- traustið og skapar gleði.



Kennslustaðir

Reykjavík
Brautarholti 4,
Drafnarfell 4,
Ársel (Árbæ)
Bústaðir
Tónabær

Kópavogur
Hamraborg 1,
Seltjarnarnes
Félagshöll
Hafnarfjörður
Gúttó

INNTRITUN OG UPPLÝSINGAR
KL. 10—12 OG 13—19

Símar
20345, 24959,
38126, 74444.

D S Í
DANSSKÓLI

Heiðar
ASTVALDSSONAR

Nú drífa
allir
krakkar
sig í
dansinn



ÞÚ AUGLÝSIR UM
ALLT LAND ÞEGAR
ÞÚ AUGLÝSIR Í
MORGUNBLAÐINU

